

**REGLUGERÐ****um breyting á reglugerð nr. 247/1991, um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra fyrirtækja.**

## 1. gr.

Síðari málsliður 8. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Endurgreiðsla samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar er heimil vegna viðskipta frá 1. janúar 1990, enda sé sótt um endurgreiðslu fyrir 1. október 1991.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 3. mgr. 43. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum, til að öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytið, 5. júlí 1991.*

F. h. r.  
**Snorri Olsen.**

*Kristján Gunnar Valdimarsson.*

17. júlí 1991

Nr. 353

**AUGLÝSING****um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í ágúst mánuði 1991.**

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 39, 15. maí 1990, hefur hlutfall af andvirði sjávarafurða sem inn- og útgreiðslur skulu miðast við vegna útflutnings í ágúst mánuði 1991 verið ákveðið sem hér segir:

- |  |                 |
|--|-----------------|
| 1. Afurðir deildar fyrir unnar botnfiskafurðir:  | Innborgun 2,7 % |
| 2. Afurðir deildar fyrir óunnar botnfiskafurðir: | Innborgun 2,7 % |

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 17. júlí 1991.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Þórður Eyþórsson.*

16. júlí 1991

Nr. 354

**GJALDSKRÁ****um sorphirðu í Kópavogi árið 1991.**

## 1. gr.

Kópavogsbæ er heimilt að innheimta árið 1991 sorphirðugjald kr. 5 500, vegna förgunar neysluúrgangs, sem til fellur í sveitarfélaginu sbr. gr. 6.2.1. í mengunarvarnareglugerð nr. 389/1990.

## 2. gr.

Gjaldið skal lagt á hverja íbúð í sveitarfélaginu og innheimtist með fasteignagjöldum. Gjald dagar og eindagar eru þeir sömu og fasteignagjalda.

## 3. gr.

Gjaldskrá þessi, byggir á lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, er hér með staðfest og gildir frá 1. janúar 1991.

*Umhverfissráðuneytið, 16. júlí 1991.*

F. h. r.

Páll Líndal.

---

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*
**REGLUR****um hreindýraveiðar árið 1991.**

## 1. gr.

Heimilt er að veiða allt að 1097 hreindýr í Norður-Pingeyjarsýslu, Múlasýslum og Austur-Skaftafellssýslu á tímabilinu 10. ágúst til 15. september árið 1991. Þó getur ráðuneytið leyft veiðar á öðrum árstíma, ef veiðistjóri telur sérstakar ástæður mæla með því, að höfðu samráði við hreindýraeftirlitsmann, sem hlut á að máli.

Veturgamlir tarfar eru friðaðir.

## 2. gr.

Tala þeirra dýra, sem veidd verða skv. 1. gr., skiptist þannig milli eftirgreindra hreppa og kaupstaða:

	Tarfar	Fjöldi hreindýra		Samtals
		Kýr	Kálfar	
1. Fjallahreppur . . . . .	1	1	1	3
2. Skeggjastaðahreppur . . . . .	1	3	1	5
3. Vopnafjarðahreppur . . . . .	4	8	5	17
4. Fljótaldshreppur . . . . .	29	60	25	114
5. Jökuldalshreppur . . . . .	29	60	25	114
6. Fellahreppur . . . . .	9	20	8	37
7. Tunguhreppur . . . . .	7	15	6	28
8. Hlíðahreppur . . . . .	3	6	4	13
9. Hjaltastaðahreppur . . . . .	14	30	12	56
10. Borgarfjarðahreppur . . . . .	21	40	16	77
11. Seyðisfjarðarkaupstaður . . . . .	2	4	2	8
12. Skriðdalshreppur . . . . .	11	23	9	43
13. Vallahreppur . . . . .	12	27	11	50
14. Egilsstaðabær . . . . .	5	11	4	20
15. Eiðahreppur . . . . .	7	15	6	28
16. Mjóafjarðahreppur . . . . .	2	4	2	8
17. Norðfjarðahreppur . . . . .	10	8	3	21
18. Eskifjarðarkaupstaður . . . . .	10	8	3	21
19. Reyðarfjarðahreppur . . . . .	3	7	3	13
20. Búðahreppur . . . . .	1	3	1	5
21. Fáskrúðsfjarðahreppur . . . . .	1	3	1	5
22. Stöðvarhreppur . . . . .	2	3	1	6
23. Breiðdalshreppur . . . . .	26	49	19	94
24. Beruneshreppur . . . . .	8	15	6	29
25. Búlandshreppur . . . . .	8	15	6	29
26. Geithellnahreppur . . . . .	24	45	18	87
27. Bæjarhreppur . . . . .	13	25	10	48
28. Nesjahreppur . . . . .	10	20	8	38
29. Bærinn Höfn í Hornafirði . . . . .	1	3	1	5
30. Mýrahreppur . . . . .	15	30	12	57
Samtals	289	561	229	1079